

Mánaðaryfirlit

Stefnumótunar og greiningar

Júlí 2021



Félagslegur stuðningur dró úr áhrifum efnahagsþrenginga

Hagstofan hefur birt nýjar tölur um þróun tekna og eigna á síðasta ári en gögnin eru unnin úr skattskrár einstaklinga fyrir árið 2020. Á síðasta ári voru heildartekjur Íslendinga að meðaltali 591 þúsund á mánuði en miðgildi heildartekna var töluvert lægra eða um 488 þúsund á mánuði. Milli ára jukust heildartekjur að jafnaði um 3,3% en leiðrétt fyrir áhrifum verðlags stóðu þær nærri í stað, eða 0,4% hækkun.

Uppgjör ráðstöfunartekna sýnir að félagslegar stuðningar vóg á móti falli atvinnutekna heimila. Mestu munar þar um atvinnuleysistryggingar. Einnig vóg úttekt heimila á séreignasparnaði þungt í auknum ráðstöfunartekjum. Hafa ber þó í huga að það úrræði dregur að óbreyttu úr framtíðartekjum þeirra sem það nýta.

Breytt samsetning heildartekna – atvinnutekjur drógust saman

Ólíkt heildartekjum drógust atvinnutekjur saman á síðasta ári. Atvinnutekjur eru þær tekjur einstaklinga sem skýrast af launaðri atvinnu, þ.e. laun og starfstengd hlunnindi auk reiknaðs endurgjalds. Heildartekjur eru hins vegar allar tekjur einstaklinga og eru þá taldar með fjármagnstekjur, bætur almannatrygginga, greiðslur atvinnuleysistrygginga og fleira. Atvinnutekjur drógust saman um 1,5% milli ára en sé tekið tillit til verðlagsþróunar var lækkunin 4,2%.

Skýrist munurinn af því að við samhliða


vaxandi atvinnuleysi drógust atvinnutekjur saman en aðrar tekjur, m.a. atvinnuleysisbætur, hækkuðu.

Sé litið á dreifingu tekna sést ólík þróun atvinnutekna annars vegar og heildartekna einstaklinga hins vegar. Sérstaklega með tilliti tekjudreifingar og aldurs. Þannig féllu atvinnutekjur mest í neðstu tekjutíundum, um 12% í neðstu tekjutíund og 8% í næstneðstu tekjutíund. Miðgildi atvinnutekna dróst saman um 2% en í efstu fjórum tekjutíundum jukust bæði heildartekjur og atvinnutekjur.



Breyting á tekjum- 2020

Tekjupróun eftir tekjudreifingu og aldri. Nafnbreyting.



Heimild: Hagstofa Íslands

Sé tekjupróun skoðuð eftir aldri sést svipuð breyting á samsetningu. Bæði heildar- og atvinnutekjur féllu hjá yngsta aldurshópnum, en þó ber að nefna að þar er í mörgum tilfellum um námsmenn í hlutastöfrum að ræða. Atvinnutekjur féllu engu að síður í öllum aldurshópum undir fimmtugu, en aukning í öðrum tekjum verður til þess að heildartekjur jukust hjá öllum aldurshópum yfir tvítugu. Hér eru tekjur skoðaðar á verðlagi hvors árs og því samdráttur atvinnutekna meiri ef tekið er tillit til verðlagsþróunar.



Úrræði drógu úr áhrifum faraldursins

Framangreind gögn sýna þróun heildar- og atvinnutekna. Séu ráðstöfunartekjur skoðaðar má sjá áhrif á ólíka tekjuhópa eftir að tekið hefur verið tillit til skatta. Ólíkt gögnunum að ofan eru ráðstöfunartekjur skoðaðar út frá fjölskyldum frekar en einstaklingum en Hagstofan er með tvo mismunandi gagnagrunna um tekjudreifingu.


Annars vegar gagnagrunn sem byggir á skattframtölum einstaklinga yfir 16 ára aldri. Þar er fjármagnstekjum skipt jafnt milli hjón og sambúðarfólks (ef um samsköttun er að ræða). Hinn gagnagrunnurinn byggir á fjölskyldutekjum. Fjölskylda er skilgreind sem einstaklingur yfir 16 ára aldri eða samskattaðir aðilar. Til viðbótar við þennan mun

undanskilur fyrri gagnagrunnurinn einstaka hópa.

Hér má sjá nánar um fyrri gagnagrunnin og hér má sjá nánar um seinni.

Ráðstöfunartekjur jukust milli 2019 og 2020 í öllum tekjutíundum, að undanskildri þeirri neðstu (þar er í mörgum tilfellum um námsmenn í hlutastarfi að ræða).

Sundurgreining á þróun ráðstöfunartekna Breyting 2019-20 (fast verðlag)




Alls féll kaupmáttur ráðstöfunartekna um 11% í neðstu tekjutíund en að meðaltali jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna um 1,9% yfir alla tekjuhópa.

Samsetning ráðstöfunartekna tók verulegum breytingum á síðasta ári. Atvinnutekjur drógust saman í öllum tekjutíundum, en þó meira í lægri enda tekjudreifingar. Þannig drógust atvinnutekjur saman um 12% að meðaltali í fyrstu fimm tekjutíundum borið saman við 2% í efstu fimm. Á móti hafa aðrar tekjur heimila stóraukist og vegið upp fall sem varð í atvinnutekjum.

Aðrar tekjur eru meðal annars félagslegar tilfærslur, greiðslur atvinnuleysistrygginga en einnig hafa heimili tekið út sparnað í miklum mæli með útgreiðslum séreignarsparnaðar.

Útgreiðslur atvinnuleysistrygginga námu um 70 milljörðum á síðasta ári og jukust um 50 milljarða milli ára. Auknar greiðslur atvinnuleysistrygginga útskýrðu 3,6% af hækkun ráðstöfunartekna síðasta árs. Úttekt heimila á séreignasparnaði jókst einnig verulega milli ára og nam tæplega 23 milljörðum en hún skýrir 1,5% af raunaukningu ráðstöfunartekna á síðasta ári. Ráðstöfunartekjur hækkuðu að meðaltali um 1,9%.

Sundurgreining á þróun ráðstöfunartekna Breyting 2019-20 (fast verðlag)



● Atvinnutekjur ● Fjármagnstekjur ● Úttekt séreignarsparnaðar

● Atvinnuleysisbætur ● Aðrar tekjur (án séreignarsp. og atvinnuleysisb.) ● Skattar alls

Heimild: Hagstofa Íslands og útr. ASÍ

● Ráðstöfunartekjur




Þróun ráðstöfunartekna síðasta árs bendir meðal annars til þess félagslegur stuðningur hafi átt stóran þátt í að draga úr áhrifum af falli atvinnutekna á síðasta ári. Að stórum hluta er um sjálfvirka aukningu að ræða þegar atvinnuleysi eykst og greiðslur atvinnuleysistrygginga aukast. Einnig spila þó inn í ákvarðanir t.d. um lengingu tekjutengdra atvinnuleysisbóta úr 3 mánuðum í 6. Til viðbótar var verulegur fjöldi var atvinnulaus að hluta í gegnum hlutabótaúrræði. Úttekt séreignasparnaðar hefur einnig vegið þungt í að mæta tekjufalli heimila. Hafa þer þó í huga að úttekt séreignasparnaðar felur í sér tilfutning á tekjum og verður til

þess að draga úr tekjum þeirra sem úrræðið nýta síðar á ævinni.

Töluverð áhrif vaxtalækkunar

Heimili hafa einnig notið góðs af þróun vaxta. Það hefur leitt til þess að auka ráðstöfunartekjur í öllum tekjutiundum ef frá er talin neðsta tekjutiund. Kaupmáttur ráðstöfunartekna jókst að meðaltali um 1,9% á síðasta ári en séu áhrif vaxtabreytinga á heimila skoðuð jókst kaupmáttur um 3,1%. Áhrif vaxtabreytinga eru meiri hjá þeim tekjuhærri. Vaxtabreytingar aukið kaupmátt í efstu þrem tekjutiundum um á bilinu 1,1 – 1,8 prósentustig.

Breyting ráðstöfunartekna með og án vaxtagreiðslna



Heimild: Hagstofa Íslands

